Lestur allan skólann

Lestrarstefna Heiðarskóla

HEIÐARSKÓLI

Efnisyfirlit

LÆSI 3
LESTRARKENNSLA. 3
Lestur 3
Lesskilningur 3
KENNSLUAÐFERÐIR 3
Hljóðaaðferð 3
Paralestur 4
Hugtakakort 4
Leiðarbókarfærslur 4
LESTRARÞJÁLFUN 4
Í SKÓLA 4
LESTRARSPRETTIR 5
UPPLESTRARKEPPNI/UPPLESTRARHÁTÍÐ 5
SKÓLABÓKASAFN 5
SUMARLESTUR 5
HEIMALESTUR 5
HLUSTUN 6
RITUN 6
RITUNARRAMMINN 7
LESTRARGLEÐI 7
DAGUR ÍSLENSKRAR TUNGU 7
BÓKAKYNNINGAR 8
ÝMSAR HUGMYNDIR FRÁ KENNURUM 8
SKIMANIR OG PRÓF 8
MÆLITALA 9
SÉRÚRRÆÐI/STOÐÞJÓNUSTA 9

LÆSI

Í Aðalnámskrá grunnskóla er læsi einn af grunnþáttum menntunar. Góð lestrarfærni er undirstaða ævináms og eitt það mikilvægasta sem einstaklingur þarf að tileinka sér til að geta tekið þátt í menningarlegu og samfélagslegu atferli.

Læsi er víðtækt hugtak og vísar til lesturs, ritunar og lesskilnings. Að vera læs er ekki aðeins að geta umskráð hljóð stafa yfir í orð, setningar og málsgreinar heldur þarf lesskilningur að fylgja með. Í læsi felst að einstaklingar geti nýtt sér lestur, lesskilning og ritun í daglegum viðfangsefnum. Góð færni í læsi er því mikilvæg til þess að einstaklingar geti tekið virkan þátt í samfélaginu.

LESTRARKENNSLA.

Lestur

Grunnur að góðri færni í lestri er lagður á fyrstu æviárum barnsins. Því betri málþroska sem barn hefur, því betur er það í stakk búið til að takast á við lestrarnám. Í leikskólanum er lögð áhersla á grunnþætti lesturs, þjálfun í mál og hljóðkerfisvitund. Í grunnskólanum heldur kennslan áfram þar sem unnið er með tengsl stafs og hljóðs, umskráningu, lestraröryggi, leshraða og lesskilning. Kennslan heldur áfram alla skólagönguna í tengslum við allt skólastarf og allar námsgreinar.

Lesskilningur

Markmið lesturs er að skilja innihald þess texta sem lesinn er. Lesskilningur felur meðal annars í sér að draga ályktanir af því sem ekki er sagt, að lesa á milli lína, að greina uppbyggingu textans og geta

dregið út aðalatriði hans og hvort textinn skilst nægilega vel. Ýmsir þættir hafa áhrif á lesskilninginn, svo sem hugtakaskilningur, fyrri reynsla nemenda, eftirtekt og minni.

KENNSLUAÐFERÐIR

Hljóðaaðferð

Er vel rannsökuð kennsluaðferð og almennt viðurkennt að hún sé skilvirkasta leiðin til að kenna umskráningu. Gildir þar einu hvort um er að ræða börn sem læra fyrirhafnarlítið að lesa eða börn með undirliggjandi veikleika.

Við upphaf skólagöngu í Heiðarskóla er fyrst og fremst gengið út frá aðferðum hljóðlestrar. Þetta er raunprófuð, samtengjandi kennsluaðferð þar sem smáar einingar málsins eru

tengdar saman í stærri og stærri heildir. Byrjað er á að kenna bókstafi og hljóð þeirra og tengja þá síðan saman í lesbúta og orð. Þetta þróast í að nemandinn nái fullkomnum tengslum milli bókstafs og hljóðs og nái sjálfvirkni í lestri.

Paralestur

Nemendur eru paraðir saman og skiptast á að lesa upphátt. Hún getur verið fólgin í því að fá nemendur til að huga að lestrarnákvæmni, tjáningu eða leshraða.

Hugtakakort

Hugtakakort eru myndræn framsetning til þess að nemendur komi skipulagi á hugsun sína og nái yfirsýn yfir námsefni. Hugtakakort henta vel til að byggja upp skilning á hugtökum og tengja nýjar upplýsingar við fyrri þekkingu. Nota má þau til að draga saman upplýsingar úr texta sem lesinn hefur verið eða til að undirbúa ritun og geta hugtakakort því stutt við lesskilning og textagerð. Nýta má hugtakakort þvert á námsgreinar.

Leiðarbókarfærslur

Nemendur útskýra hugtök námsgreina í leiðarbók. Hugmyndin er að nemendur hafi eina góða hugtakabók sem hægt er að styðjast við í hverju fagi í frekara námi.

LESTRARÞJÁLFUN

Til að byrja með eru börn með mjög einfaldan lestexta og þurfa að lesa hann oftar en einu sinni. Sumum finnst þessi endurtekning óþörf en hún er mikilvæg til þess að börn nái leikni og hraða í lestri. Endurtekinn lestur er ein besta leiðin til þess að auka sjálfvirkni og hraða lesturs sem er nauðsynleg undirstaða þess að börn geti náð fullnægjandi lestrarleikni.

Ekkert eykur færni í lestri eins vel og það að lesa. Eftir því sem nemendur lesa meira og fjölbreyttara efni eykst skilningur þeirra og löngun til að lesa meira.

Rannsóknir hafa sýnt samband milli lesturs barna og námsárangurs. Þeir nemendur sem lesa bækur sér til ánægju standa að mörgu leyti betur að vígi en þeir jafnaldrar sem gera það ekki. OECD bendir á að tengslin milli ánægju af bóklestri og námsárangurs í PISA-prófunum eru svo sterk að börn sem lesa bækur daglega standa að meðaltali einu og hálfu skólaári framar en börn sem ekki stunda daglegan bóklestur.

Í SKÓLA

Í skóla er mikilvægt að kennari eða stuðningsfulltrúi hlusti daglega á upplestur nemenda á yngsta- og miðstigi. Þegar nemendur hafa náð góðri færni lesa þeir þrisvar í viku og nýta tímann í annars konar lestrarverkefni.

Lestrarsprettir

Í Heiðarskóla er farið í lestrarspretti tvisvar á ári, í janúar og apríl. Þá er aukinn tími lagður í yndislestur og árangurinn gjarnan gerður sýnilegur á veggjum skólans. Áhersla er lögð á að skrá lestrartíma nemendanna þannig að þeir sem eru hæglæsir og ljúka e.t.v. ekki mörgum blaðsíðum eða bókum leggja jafn mikið af mörkum og aðrir.

Upplestrarkeppni/upplestrarhátíð

Á hverju ári er haldin upplestrarkeppni meðal nemenda í 4. og 7. bekk.

Í 7. bekk taka nemendur þátt í Stóru upplestrarkeppninni. Hefst hún formlega á Degi íslenskrar tungu 16. nóvember og lýkur henni í mars. Nemendur byrja að æfa sig heima og með bekknum sínum. Í febrúar er haldin bekkjarkeppni og komast 4 – 5 nemendur úr hvorum bekk áfram og keppa til úrslita á upplestrarhátið Heiðarskóla. Þar eru tveir fulltrúar valdir til þess að keppa á lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar.

Upplestrarhátíðin hjá 4.bekk er haldin í skólanum á vorönn að viðstöddum foreldrum/forráðamönnum, kennurum, starfsmanni Menntasviðs og nemendum 3. bekkjar.

Markmið upplestrarkeppni er að vekja athygli og áhuga nemenda á vönduðum upplestri og framburði, að þjálfa nemendur í upplestri, að koma fram fyrir aðra, að hlusta á aðra, efla sjálfstraust og góða og prúðmannlega framkomu.

Skólabókasafn

Skólabókasafnið er mikilvægur áhrifavaldur í lestrarþjálfun nemenda. Það er opið alla virka daga og geta nemendur fengið bækur lánaðar. Eins er góð aðstaða á safninu fyrir nemendur til að lesa bækur og sinna verkefnavinnu. Bókasafnið býr yfir fjölbreyttu lesefni sem hentar getu og þroska hvers nemanda. Á bókasafninu hafa verið settar upp sýningar í tengslum við mismunandi daga s.s. hrekkjavöku og jól. Starfsmaður bókasafns er með bókasafnskennslu fyrir nemendur í 1. – 5. bekk, kennslan er m.a. fólgin í því að kenna þeim að leita að bókum og að kynna fyrir nemendum fjölbreyttar bækur.

Sumarlestur

Bókasafn Reykjanesbæjar hefur árlega efnt til Sumarlestrar og kynnt verkefnið í grunnskólunum á vorin. Skólinn hefur hvatt nemendur til að taka þátt í verkefninu.

Heimalestur

Lestrarnám er undirstaða alls annars náms. Það er verkefni sem getur tekið mörg ár og útheimtir oft mikla þolinmæði. Heimili og skóli þurfa að sinna þessu verkefni í samvinnu. Foreldrar/forráðamenn gegna lykilhlutverki í lestrarnámi barna sinna og hefur viðhorf þeirra mikil áhrif á þróun lestrarfærni hjá barninu. Það er mikilvægt að foreldrar séu góðar

fyrirmyndir og geri heimalesturinn að eðlilegum þætti í daglegu lífi nemandans.
Strax við upphaf skólagöngu er nauðsynlegt að barnið sé aðstoðað við að lesa heima. Markmið heimalestrar er að börn auki lesfimi sína og bæti orðaforða og málskilning. Foreldrar eru mikilvægir þátttakendur í lesþjálfun barna sinna og er foreldrum nemenda í 1. bekk leiðbeint um aðferðir og mikilvægi heimalestrar á markmiðasetningadegi við upphaf skólagöngu.
Á yngsta- og miðstigi lesa nemendur heima a.m.k. 5 sínnum í viku, í 15 mínútur í senn, foreldrar fylgjast með og skrá í lestrardagbók (sjá viðmið v. heimalesturs fyrir neðan).
Nemendur á unglingastigi lesa í frjálslestrarbók, annaðhvort í 15 mínútur á dag eða að jafnaði um 30-50 blaðsíður á viku en eiga að lesa daglega 1-2 blaðsíður upphátt. Í stað hefðbundinnar kvittunarbókar fær hver nemandi sérstakt eyðublað sem nefnist „Lestrarskýrsla" og er heimalesturinn skráður á þá skýrslu og foreldrar/forráðamenn kvitta fyrir. Eftir hverja bók klára nemendur að fylla út upplýsingar um bókina og skila svo lestrarskýrslunni til íslenskukennara. Skila þarf að lágmarki sex lestrarskýrslum á skólaárinu og eru skýrslurnar metnar til námsmats.

Viðmið fyrir heimalestur í Heiðarskóla eru eftirfarandi:

- 0 – 35 orð á mínútu hver blaðsíða lesin 3 sinnum upphátt
- 36 – 75 orð á mínútu hver blaðsíða lesin 2 sinnum upphátt
- 76 – 99 orð á mínútu hver blaðsíða lesin 1 sinni upphátt
- 100 – 139 orð á mínútu lesið í 10 mínútur upphátt og 5 mínútur í hljóði
- 140 – 159 orð á mínútu lesið í 5 mínútur upphátt og 10 mínútur í hljóði
- 160 < orð á mínútu 1 blaðsíða lesin upphátt, restin í hljóði.

HLUSTUN

Að hlusta og tala er hversdagslegt atferli. Mikilvægt er að kunna að hlusta. Nemendur þurfa að geta meðtekið munnleg skilaboð úr ólíkum áttum. Markmið með hlustun er að nemendur geti skilið sem mest og fylgt meginþræði í einföldum frásögnum. Virk hlustun er mikilvæg til að geta verið í samskiptum við aðra og einnig til að geta tekið á móti upplýsingum, miðlað og lært. Þjálfun í hlustun hefst strax við upphaf skólagöngunnar með lestri kennara í nestistíma nemenda. Síðar nýta kennarar sér hljóðbækur og önnur margmiðlunarverkefni til að efla hlustun.

RITUN

Eins og kemur fram í læsisstefnu Reykjanesbæjar eru lestur og ritun gagnvirkt ferli sem þjálfa þarf samhliða. Ritun er ferli þegar rittákn eru notuð til að skrá niður tungumálið,

hugsanir og orð til að hægt sé að endurvekja þau síðar. Hvetjandi ritmálsumhverfi er mikilvægt og veitir barni tækifæri til að fylgjast með öðrum, gera tilraunir og prófa sig áfram. Í aðalnámskrá grunnskóla (2013) er jafnframt fjallað um að læsi hefur lengi verið tengt við þá kunnáttu og færni sem einstaklingar þarfnast til þess að geta fært hugsun sína í ritað mál og skilið almennan texta.

Þjálfun í ritun á sér stað þvert á námsgreinar en markviss ritunarkennsla fer þó fyrst og fremst fram í íslensku. Í upphafi felst ritunarþjálfun að mestu í því að nemendur læri að draga til stafs, skrifi orð á línu, hafi rétt bil á milli orða og hefji málsgrein á stórum staf og endi hana á punkti. Síðar tekur við einföld sögugerð eða ritun frásagna nemenda af atburðum úr eigin lífi. Smátt og smátt verða slík verkefni viðameiri og þjálfun í uppbyggingu skáldaðrar sögu eða frásagnar með upphafi, miðju og endi fær meira vægi sem og stafsetning. Á miðstigi fást nemendur áfram við frjálsa ritun en stíga jafnframt sín fyrstu skref í því að smíða bókmenntaritgerðir samkvæmt formföstum fyrirmælum um uppbyggingu texta og framsetningu auk þess sem meiri áhersla er lögð á stafsetningu. Á unglingastigi fer fram enn markvissari þjálfun í ritun. Áhersla er lögð á að nemendur nái tökum á að setja eigið efni skýrt og skipulega fram með ýmsum hætti, svo sem með frjálsri ritun eða rökfærslu-, heimilda- og kjörbókaritgerðum. Þeir efla færni sína í að tjá hugmyndir sínar og skoðanir og um leið þjálfast þeir í stafsetningu.

Ritunarramminn

Ritunarramminn er sex þrepa matsrammi sem varðar leið í ritunarkennslu og námi frá upphafi til loka grunnskólagöngu. Ramminn er settur fram í anda leiðsagnarnáms en með notkun rammans verður hægt að leiða nemendur í átt að aukinni ritunarfærni. Í rammanum eru þrjár megin textategundir teknar fyrir en þær eru sögugerð, fræðitexti og rökfærslutexti. Efnisþættir Ritunarrammans eru fjórir þ.e. uppbygging texta, einkenni textategunda, málnotkun og skráning. Undir hverjum efnisþætti eru mismargir undirþættir ritunar sem mikilvægt er að kenna nemendum og veita þeim næg tækifæri til að þjálfast í.

Lestrargleði

Áhugi og ánægja af lestri eru mikilvægar forsendur góðrar framvindu í lestrarnámi. Ærin ástæða er því til að huga vel að leiðum sem eru líklegar til að auka lestraráhuga og -ánægju. Eftirfarandi hugmyndir geta verið gagnlegar í því sambandi.

Dagur íslenskrar tungu

Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur á fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar,

16. nóvember. Þá eru haldnar menningarstundir á sal þar sem nemendur flytja atriði og er áhersla er lögð á framsögn, sköpun og túlkun.

BÓKAKYNNINGAR

Á hverju skólaári eru rithöfundar fengnir í heimsókn til að lesa upp úr bókum sínum fyrir nemendur á sal.

ÝMSAR HUGMYNDIR FRÁ KENNURUM

1. Fá þekkta einstaklinga í samfélaginu til að koma inn í skólann til að lesa fyrir nemendur og kynna uppáhaldsbókina sína (íþróttagarpar, tónlistarmenn o.s. frv.)
2. Bókaklúbbur. Bekknum skipt í hópa og hver hópur velur sér bók sem þau lesa saman.
3. Höfundakynningar.
4. Kósídagur helgaður lestri.
5. Kennarar lesi fyrir bekki í nestistíma.
6. Nemendur lesa bókarbyrjun og búa til framhald t.d. leikræn tjáning.
7. Nemendur lesi síðustu blaðsíður bóka og búa til sögubyrjun.
8. Lesa bók – horfa á kvikmynd. Bók verður bíó.
9. Lesa bók – gera stuttmynd.
10. Lesa bók – búa til auglýsingu.
11. Lesa bækur á ensku.
12. Lestrarvinir. Árgangar paraðir saman og nemendur velja sér bók saman og lesa hver fyrir annan.
13. Grunnskólanemendur lesa fyrir leikskólanemendur.
14. Æfa framsögn, t.d. með því að lesa ljóð, brandara eða auglýsingu.
15. Fá blaðamenn til að spyrja nemendur um uppáhaldsbókina sína og birta niðurstöður í bæjarblaðið.
16. Útvarpsleikrit.
17. Leika bókatitla.
18. Nemendur fjalla um bækur sem þeir lesa á heimasíðu skólans.
19. Bókarýni - nemendur lesa bækur og gera bókarýni.

SKIMANIR OG PRÓF

Skimanir og próf eru lögð fyrir nemendur til þess að fylgjast með framförum og gera skólanum kleift það mikilvæga verkefni að koma til móts við þarfir hvers og eins. Upplýsingar um niðurstöður skimana og prófa berast til foreldra og forráðamanna á island.is

	Sept.	Okt.	Jan.	Mars	Apr.	Maí
1. bekkur	Bókst.- og hljóðakönnun	Lesskimun	Lesfimi			Lesfimi
2.bekkur	Lesfimi		Lesfimi Stuðningspróf*			Lesfimi
3.bekkur	Lesfimi	Matsrammi	Lesfimi Stuðningspróf*		Matsrammi	Lesfimi
4.bekkur	Lesfimi	Matsrammi	Lesfimi Stuðningspróf*	Stöðu og framvinduþróf - Lesskilningur	Matsrammi	Lesfimi
5.bekkur	Lesfimi	Matsrammi	Lesfimi Stuðningspróf*	Stöðu og framvinduþróf - Lesskilningur	Matsrammi	Lesfimi
6.bekkur	Lesfimi	Matsrammi	Lesfimi Stuðningspróf* Logos skimun**	Stöðu og framvinduþróf - Lesskilningur	Matsrammi	Lesfimi
7.–10.bekkur	Lesfimi	Matsrammi	Lesfimi Stuðningspróf*	Stöðu og framvinduþróf - Lesskilningur	Matsrammi	Lesfimi

* Stuðningspróf MMS lögð fyrir nemendur með mælitöluna 7 eða undir.

** Logos skimun lögð fyrir nemendur með rökstuddan grun um lestrarörðugleika.

MÆLITALA

Notkun mælitalna gerir okkur kleift að setja niðurstöður ólíkra prófa á sama kvarða svo hægt sé að bera þær saman. Þannig veita þær góðar og samanburðarhæfar upplýsingar um stöðu nemanda í námi.

Mælitölur eru á kvarðanum 1-19 þar sem mælitalan 10 er alltaf landsmeðaltal. Mælitala lýsir því hvar nemandi er staddur í samanburði við jafnaldra. Nemendur með hærri mælitölu eru þá yfir landsmeðaltali og nemendur með lægri mælitölu eru fyrir neðan landsmeðaltal. Tölurnar lýsa því hversu langt frá landsmeðaltali nemandi er. Hverri mælitölu fylgir lýsing á stöðu nemandans og almennar upplýsingar um næstu áherslur í námi og nýtast þannig við túlkun á niðurstöðum og ákvörðun um næstu skref í námi barns.

SÉRÚRRÆÐI/STOÐÞJÓNUSTA

Nemendur með mælitöluna 7 og undir þurfa sérstök inngrip og mælst er til þess að kennarar

fylgi þeim eftir með nauðsynlegum aðgerðum. Þeir nemendur fá aukna lestrarþjálfun í skóla og/eða vinna samkvæmt einstaklingsmiðaðri áætlun að þeim þáttum sem þarfnast aukinnar þjálfunar. Mikilvæg forsenda þess að þjálfunin beri árangur er öflugt samstarf heimilis og skóla.

Þegar skimunarniðurstöður, sem skólinn annast, liggja fyrir fara umsjónarkennarar, sérkennarar og stjórnendur yfir niðurstöðurnar og í framhaldinu eru gerðar áætlanir um þjálfun og/eða úrbætur.

Á yngsta stigi annast sérkennari einstaklingsmiðaða þjálfun þeirra sem eiga í lestrarvanda eða sýna merki um vanda eftir fyrirlögn skimunar eða prófa. Einstaklingsáætlanirnar eru unnar í nánu samstarfi við umsjónarkennara. Á yngsta stigi annast umsjónarkennari, með aðstoð stuðningsfulltrúa, lestrarþjálfun í skóla og sérstaklega er hugað að þeim nemendum sem eiga í lestrarvanda t.d. með því að gefa þeim aukinn tíma til upplestrar. Á miðstigi eru skipulagðir sérstakir lestrarþjálfunartímar til handa þeim sem mest þurfa á aukinni þjálfun að halda.